

Nr. 17-124 S 093 Gulltoppur**Leki í höfn**

Skipaskr.nr. 2931
Smíðaður:
Útgerð: Alfa Fish ehf
Stærð: 70,9 bt
Mesta lengd: 21,5 m Skráð lengd: m
Breidd: 4,69 m Dýpt: 2,60 m
Vél:
Fjöldi skipverja: 0



Gulltoppur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 18. ágúst 2017 var farþegaskipið Gulltoppur við bryggju á Akranesi.

Leki kom að skipinu og var kallað á slökkvilið á staðnum sem kom með dælur og dældi úr skipinu. Engar skemmdir urðu á því.

Við rannsókn kom fram:

- að sjálfvirk lensidæla brann yfir en lekið hafði með stýrisstamma. Vitað var um þennan leka þar sem skipið hafði verið í slipp í Njarðvík en tekið niður og sett í geymslu við bryggju vegna sumarfría í slippnum;
- að fram kom hjá umsjónarmanni að eftirlit með skipinu hefði ekki verið sem skyldi.



Gulltoppur með halla við bryggju© MBL/Gísli Karvelsson

Nefndarálit:

Orsök lekans var óþéttur stýrisstammi.